

Nd.

325. Breytingartillögur

[13. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „2. og 3. gr.“ komi 2.—5. gr.
2. Við 3. gr. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (4. gr.) Við A-lið 23. gr. laga nr. 100/1948 bætist: svo og allar íslenskar iðnaðarvörur.
 - b. (5. gr.) 24. gr. laga nr. 100/1948 orðist svo:

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt 22. gr. laga þessara, skulu innan tveggja vikna frá 30. júní 1953 senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á fyrra missiri ársins og innan tveggja vikna frá 30. september og 30. desember 1953 um sölu á hvoru þriggja mánaða tímabilinu. Þessir aðilar ákveða síðan söluskatt fyrra missirisins og tilkynna hann skattgreiðanda fyrir lok júlímánaðar 1953, síðara missirisins fyrir lok októbermánaðar 1953 og janúarmánaðar 1954. Skattur af sölu fyrra missirisins skal síðan greiddur til innheimtumanna ríkissjóðs 1. ágúst 1953, en hins síðara 1. nóvember 1953 og 1. febrúar 1954. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, $\frac{1}{2}\%$ á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun söluskatts, sem á þá hefur verið lagður, geta kært álagninguna til skattstjóra eða skattanefndar innan 10. næsta mánaðar, eftir að skatturinn var lagður á. Skattanefnd eða skattstjóri skulu kveða upp úrskurð um kærna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum skattstjóra og skattanefnda má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þessara nefnda eru 30 dagar og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.

Áfrýjun skattaálagningar frestar ekki eindaga skattsins, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.